

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2009

**Efni: Umsögn BSRB um frumvörp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.) þskj. 273 - 239. mál, tekjuöflun ríkisins þskj. 292 - 256. mál, umhverfis- og auðlindaskatta, þskj. 293 - 257. mál.**

1) Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.) þskj. 273 - 239. mál

Í frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um 10% hækkun á gjöldum á áfengi og tóbaki, 4% hækkun á bensínjaldi, 3% hækkun olfugjalds og 10% hækkun bifreiðagjalds. Þá er lagt til að sykraðar vörur og drykkjarvörur beri 14% virðisaukaskatt í stað 7%. Vörurnar eru m.a. sykur, sætindi, kökur og kex.

BSRB varar við þeim áhrifum sem þessar breytingar munu óhjákvæmilega hafa á verðlag. Á 42. þingi BSRB ályktaði bandalagið um slæma skuldastöðu heimila í kjölfar efnahagshrunsins. Gengisþróun og þar af leiðandi verðbólga hefur leitt til hækkandi höfuðstóls lána á sama tíma og kaupmáttur launa hefur minnkað verulega. Margar fjölskyldur standa ráðþrota vegna fjárhagsvandráða. Þá taka þau úrræði sem stjórnvald hafa boðið upp á til að greiða úr skuldavanda heimilanna eingöngu til hluta þeirra.

Verði frumvarp þetta að lögum mun verðlag hækka ört og höfuðstóll og greiðslubyrði verðtryggðra lána mun hækka verulega. Sykur og sælgæti er nú þegar um 63% dýrara hér á landi en að meðaltali annars staðar í Evrópu. Ennfremur vekur BSRB athygli á því að á landsbyggðinni getur almennt launafólk ekki treyst á almenningssamgöngur og eru vegalengdir frá heimili til vinnustaða stundum lengri en á höfuðborgarsvæðinu. Þá hækka vörur í verði vegna aukins flutningskostnaðar. Hækkun á bensín- og olfugjaldi getur þar af leiðandi valdið ójöfnuði.

Verði efni frumvarpsins að lögum óbreytt mun það koma verulega við kaupmátt heimilanna og BSRB varar við því að ekki sé tekið mið af neyslumynstri almennra fjölskyldna.

X  
2) Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins þskj. 292 - 256. mál

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er tilgangur lagabreytinganna að auka tekjur ríkissjóðs í samræmi við markmið áætlunar um að jöfnuði verði náð í ríkisfjármálum á næstu fjórum árum. Í frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um þrepaskiptan tekjuskatt og afnám vísitölubindingu persónuafslátt.

BSRB hefur lýst yfir stuðningi við þrepaskiptan tekjuskatt enda er slíkt kerfi í anda stefnu bandalagsins um aukinn jöfnuð í samfélaginu. Með þrepaskiptu kerfi er stigið skref í uppbyggingu réttlátara skattkerfis þar sem dregið er úr skattbyrði tekjulægstu hópanna. Á hinn

bóginn telur BSRB að draga hefði mátt úr skattbyrði lágtekjufólks með lækkun á tekjuskattsprósentu en skattbyrði þessa hóps hefur aukist einna mest á síðustu árum.

BSRB hefur alfarið lagst gegn því að vísitölubinding persónuafsláttar við neysluverð verði afnumin. Á síðustu misserum hefur dregið verulega úr kaupmætti almenns launafólks í kjölfar hækkunar vísitölu neysluverðs. Þá munu boðaðar skattahækkunar á neyslusköttum leiða til frekari hækkunar á vísitölu neysluverðs og auka skuldir og rekstrarkostnað heimila. Með afnámi vísitölubindingar persónuafsláttar er fallið frá tiltölulega nýsamþykktum lögum sem hefði komið tekjulægri hópum samfélagsins betur í því árferði sem nú ríkir heldur en boðuð hækkun persónuafsláttar um einungis 2.000 kr.

3) Frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta þskj. 293 – 257. mál

BSRB fagnar framlagningu frumvarpsins og gerir engar athugasemdir við ákvæði þess.

Fyrir hönd BSRB,

Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur